**Kennarar:**


| | | |
|---|---|---|
| Hallgrímur St. Ingólfsson (HGI) | hallgrimur@vma.is | Myndvinnsla |
| Helga Ragnheiður Jósepsdóttir (HRJ) | helgajoseps@vma.is | Vektorteikning |


**Áfangalýsing:**

Í áfanganum fá nemendur að kynnast ýmsum hliðum upplýsingatækninnar. Farið verður yfir grunnatriði í tölvumálum og reglur sem gilda í tölvusamskiptum og í umgengni við tölvukerfi skólans. Áhersla er lögð á að nemendur læri grunnatriði í myndvinnslu og vektorteikningu og að þeir þekki vinnuumhverfi myndvinnsluforritsins Gimp og teikniforritsins Inkscape. Auk þess fá nemendur kynningu á verkfærum sem liggja á vefnum sem notast má við til að búa til kynningar, geyma hugmyndavinnu, búa til einfaldar heimasíður o.fl.

**Markmiðið er að:**

- nemendur geti nýtt myndvinnslu- og teikniforrit við sjálfstæða sköpun og framsetningu á sinni vinnu.
- nemendur þekki vinnuumhverfi Gimp og Inkscape
- nemendur viti hvernig vista skal gögn og þekki skáarendingar (.svg, .pdf, .jpeg ., o.s.frv)
- nemendur geti nýtt sér ýmsis frí kerfi á vefnum í samhengi við nám sitt , sköpun og framsetningu á sínum verkum.

**Námsgögn:**

Verkefni frá kennurum. Nemendur þurfa að hafa heyrnatól með sér í tíma auk þess sem gott er að hafa glósubók og skriffæri.

**Áætlun um yfirferð:**

Kennslustundum verður skipt sem hér segir:
1 x í viku verður unnið með vektorteikningu og 1 x í viku verður unnið með myndvinnslu. Í seinni hluta áfangans munum við vinna verkefni þar sem bæði forritin eru nýtt saman.

**Verkefni:**

| Vikur<br>ca. | **Verkefni**<br>**Vektorteikning** | **Verkefni**<br>**Myndvinnsla** | **Skil** |
|---|---|---|---|
| 2 - 3 | Kynning á Inkscape<br>Prezi o.fl. Æfingar | Kynning á Gimp<br>Myndvinnsluæfingar | Skilað í tölvupósti<br>o.fl. |
| 4 - 15 | Vektoræfingar<br>og Skilaverkefni | Myndvinnsluæfingar<br>og Skilaverkefni | Skilað á Moodle |
| 16 | Lokaskil og frágangur | Lokaskil og frágangur | Skilað á Moodle |

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Áfanginn er próflaus og nemendum ber að mæta samviskusamlega í kennslustundir og skila öllum skilaverkefnum.

Þau verkefni sem ekki skila sér til kennara fyrir uppgefinn skiladag teljast ekki með til einkunnar, þ.e. nemandi fær sjálfkrafa 0 fyrir verkefni sem ekki berast fyrir tilsettan tíma.

| | |
|---|---|
| Æfingar og verkefni unnin í Inkscake (Vectorteikning) | 45 % |
| Æfingar og verkefni unnin í Gimp (Myndvinnsla) | 45 % |
| Mæting og vinnusemi í tímum | 10 % |

Með fyrirvara um breytingar.

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

**Undirritun kennara**